



**Samandreginn  
árshlutareikningur**  
1. janúar til 30. júní 2024

**Ljósleiðarinn ehf.**  
Kt. 691206-3780  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík



**LJÓSLEIÐARINN**

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Ljósleiðarinn leggur sérstaka áherslu á þessi  
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ljósleiðarinn ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) sem dótturfélag Orkuveitunnar, sbr. 2. gr. laganna. Félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og engar breytingar urðu á eignarhaldi á tímabilinu.

Árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga.

Tekjur Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu námu 2.770 milljónum kr. (1.1.-30.6.2023: 2.019 milljónir kr.), rekstrargjöld 1.270,1 milljónum kr. (1.1.-30.6.2023: 598,2 milljónir kr.) og EBITDA tímabilsins nam 1.499,9 milljónum kr. (1.1.-30.6.2023: 1.420,8 milljónir kr.). Tap af rekstri Ljósleiðarans ehf. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 nam 480,2 milljónum kr. (1.1.-30.6.2023: tap að fjárhæð 248,3 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok tímabilsins 37.082,2 milljónum króna (31.12.2023: 37.214,1 milljónir kr.). Eigið fé nam 12.424,3 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2023: 12.904,5 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall félagsins 33,5% (31.12.2023: 34,7%).

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2024 ásamt rekstrarafkomu sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024.

Reykjavík, 23. ágúst 2024

Í stjórn félagsins:

*Dagný Hrönn Pétursdóttir, formaður*

*Áslaug Árnadóttir*

*Gísli Björn Björnsson*

*Gunnar Ingvi Þórisson*

*Vigdís Eva Líndal*

Framkvæmdastjóri:

*Einar Þórarinsson*

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Ljósleiðarans ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Ljósleiðarans ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 23. ágúst 2024

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

*Davíð Arnar Einarsson*

Löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur

## 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.1.-30.06.	2023 1.1.-30.06.
Rekstrartekjur .....		2.769.992	2.018.984
Laun og launatengd gjöld .....	3	( 277.547)	( 256.319)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 992.529)	( 341.911)
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b> .....		( 1.270.076)	( 598.230)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b> .....		<u>1.499.915</u>	<u>1.420.754</u>
Afskriftir .....		( 980.234)	( 790.212)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....		<u>519.682</u>	<u>630.541</u>
Vaxtatekjur .....		2.674	8.448
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 1.122.529)	( 950.599)
Gengismunur .....		( 80)	1.240
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....	4	( 1.119.935)	( 940.911)
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b> .....		( 600.253)	( 310.370)
Tekjuskattur .....		<u>120.051</u>	<u>62.074</u>
<b>Tap tímabilsins</b>		<u>( 480.202)</u>	<u>( 248.296)</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.06.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5	33.131.018	33.050.074
Óefnislegar eignir .....	6	2.392.459	2.507.590
Leigueign .....		806.203	770.800
Fastafjármunir samtals		36.329.680	36.328.464
Birgðir .....		19.762	25.954
Viðskiptakröfur .....		458.188	648.462
Aðrar skammtímakröfur .....		30.906	154.953
Lausafé í ávöxtun .....		199.400	0
Handbært fé .....		44.290	56.252
Veltufjármunir samtals		752.546	885.621
<b>Eignir samtals</b>		<b>37.082.225</b>	<b>37.214.085</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		6.500.000	6.500.000
Endurmatsreikningur .....		5.346.593	5.458.461
Lögbundinn varasjóður .....		135.111	135.111
Ójafnað eigið fé .....		442.569	810.903
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>12.424.273</b>	<b>12.904.475</b>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	7	18.272.085	17.965.554
Tekjuskattsskuldbinding .....		1.575.497	1.695.547
Leiguskuld .....		743.673	712.971
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		20.591.255	20.374.073
Viðskiptaskuldir .....		162.013	360.321
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	7	1.735.026	996.934
Næsta árs afborgun leiguskulda .....		121.389	112.387
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.048.270	2.465.896
Skammtímaskuldir samtals		4.066.697	3.935.537
<b>Skuldir samtals</b>		<b>24.657.952</b>	<b>24.309.610</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>37.082.225</b>	<b>37.214.085</b>

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar til 30. júní 2024

	Hlutfé	Sérstakur endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
<b>1.1.-30.06. 2024</b>					
Eigið fé 1. janúar 2024 .....	6.500.000	5.458.461	135.111	810.903	12.904.475
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....		( 139.836)		139.836	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ....		27.967		( 27.967)	0
Tap tímabilsins .....				( 480.202)	( 480.202)
Eigið fé 30. júní 2024 .....	<u>6.500.000</u>	<u>5.346.593</u>	<u>135.111</u>	<u>442.569</u>	<u>12.424.273</u>
<b>1.1.-30.06. 2023</b>					
Eigið fé 1. janúar 2023 .....	6.500.000	5.682.251	135.111	1.157.237	13.474.598
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....		( 139.868)		139.868	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ....		27.974		( 27.974)	0
Tap tímabilsins .....				( 248.296)	( 248.296)
Eigið fé 30. júní 2023 .....	<u>6.500.000</u>	<u>5.570.356</u>	<u>135.111</u>	<u>1.020.836</u>	<u>13.226.303</u>

# Sjóðstreymisýfirlit

## 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.1.-30.06.	2023 1.1.-30.06.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap tímabilsins .....	(	480.202)	( 248.296)
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	4	1.119.935	940.911
Tekjuskattur .....	(	120.051)	( 62.074)
Afskriftir .....		980.234	790.212
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.499.915	1.420.754
Birgðir, lækkun .....		6.192	0
Skammtímakröfur, lækkun .....		314.322	4.868
Skammtímaskuldir, lækkun .....	(	123.527)	( 30.614)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.696.902	1.395.007
Innborgaðar vaxtatekjur .....		2.674	8.448
Greidd vaxtagjöld .....	(	498.021)	( 517.147)
Handbært fé frá rekstri		1.201.555	886.309
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	1.030.323)	( 1.397.884)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	430.000)	0
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting .....	(	199.400)	( 377.127)
Fjárfestingarhreyfingar	(	1.659.723)	( 1.775.011)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborgun lána við lánastofnanir .....	(	518.605)	( 4.789.204)
Afborgun leiguskulda .....	(	40.897)	( 27.765)
Tekin ný langtímalán .....		1.005.793	5.703.500
Fjármögnunarhreyfingar		446.291	886.531
Lækkun á handbæru fé .....	(	11.876)	( 2.172)
Handbært fé í ársbyrjun .....		56.252	41.167
Gengismunur handbærs fjár .....	(	86)	( 175)
Handbært fé í lok tímabilsins .....		44.290	38.820
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		131.592	108.948
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		430.000	0
Skammtímaskuldir, breyting .....	(	561.592)	( 108.948)
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		935.384	928.176
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Tap tímabilsins .....	(	480.202)	( 248.296)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir .....		980.234	790.212
Verðbætur langtímalána .....		555.318	448.158
Tekjuskattsskuldbinding .....	(	120.051)	( 62.074)
Gengismunur af handbæru fé .....		86	175
Veltufé frá rekstri .....		935.384	928.176



# Skýringar

## 1. Félagið

Ljósleiðarinn ehf. "félagið" er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur(Orkuveitan) og er hluti af samstæðuárshlutareikningi Orkuveitunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Ljósleiðarans ehf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess [www.ljosleidarinn.is](http://www.ljosleidarinn.is), sem og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 23. ágúst 2024.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Laun .....	405.400	379.142
Mótframlag í lífeyrissjóði .....	52.062	42.555
Önnur launatengd gjöld .....	35.990	29.352
Laun og launatengd gjöld samtals .....	493.453	451.050

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:

Gjaldfært í rekstrarreikningi .....	277.547	256.319
Eignfært á framkvæmdir .....	215.905	194.730
Laun og launatengd gjöld samtals .....	493.453	451.050

Starfsfólk:

Fjöldi ársverka .....	52	44
-----------------------	----	----

Laun stjórnenda:

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra með mótframlagi í lífeyrissjóð 1.1.2024 til 30.6.2024 námu 24,0 milljónum kr. (1.1 - 30.6.2023 20,8 milljónir kr., gjaldfærð laun og orlof vegna starfsloka framkvæmdastjóra 25,9 milljónir kr.)

# Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2024	2023
	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	2.674	8.448
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur .....	( 565.112)	( 499.460)
Áfallnar verðbætur .....	( 557.417)	( 451.139)
Vaxtagjöld samtals .....	( 1.122.529)	( 950.599)
Gengismunur .....	( 80)	1.240
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 1.119.935)	( 940.911)

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	30.06.2024	31.12.2023
<b>Ljósleiðarakerfi</b>		
<b>Heildarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	48.140.340	45.381.949
Viðbætur á tímabilinu .....	898.731	2.758.391
Staða í lok tímabilsins .....	49.039.071	48.140.340
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	15.090.266	13.549.363
Afskrifað á tímabilinu .....	817.787	1.540.904
Staða í lok tímabilsins .....	15.908.053	15.090.266
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	33.050.074	31.832.586
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	33.131.018	33.050.074

# Skýringar

## 6. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- sambönd	Hugbúnaður	Samtals
<b>30.06.2024</b>			
<b>Heildarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.908.000	651.000	2.559.000
Staða í lok tímabilsins .....	1.908.000	651.000	2.559.000
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	37.847	13.563	51.410
Afskrifað á tímabilinu .....	88.006	27.125	115.131
Staða í lok tímabilsins .....	125.854	40.688	166.541
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.870.153	637.438	2.507.590
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	1.782.146	610.313	2.392.459
<b>31.12.2023</b>			
<b>Heildarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	0	0
Viðbætur á árinu .....	1.908.000	651.000	2.559.000
Staða í árslok .....	1.908.000	651.000	2.559.000
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	0	0
Afskrifað á árinu .....	37.847	13.563	51.410
Staða í árslok .....	37.847	13.563	51.410
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	0	0	0
Bókfært verð í árslok .....	1.870.153	637.438	2.507.590

## 7. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.06.2024	31.12.2023
<b>Langtímaskuldir</b>		
Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum .....	11.203.210	10.244.927
Skuldabréfaútgáfa .....	8.803.901	8.717.560
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	( 1.735.026)	( 996.934)
Langtímahluti vaxtaberandi skulda .....	18.272.085	17.965.554

# Skýringar

## 7. Vaxtaberandi skuldir, frh.

### Skammtímaskuldir

Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	1.735.026	996.934
	<u>1.735.026</u>	<u>996.934</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	20.007.111	18.962.488

Skilmálar vaxtaberandi skulda:

	30.06.2024		31.12.2023	
	Meðalvextir á tímabili	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir .....	2,93%	16.412.319	2,76%	15.285.310
Óverðtryggðar skuldir .....	11,45%	3.594.791	11,51%	3.677.178
		<u>20.007.111</u>		<u>18.962.488</u>

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

1.7.2024 til 30.6.2025/1.1.2024-31.12.2024 .....	-	996.934
1.7.2025 til 30.6.2026/1.1.2025-31.12.2025 .....	1.735.026	1.665.084
1.7.2026 til 30.6.2027/1.1.2026-31.12.2026 .....	2.381.197	2.235.978
1.7.2027 til 30.6.2028/1.1.2027-31.12.2027 .....	975.886	897.186
1.7.2028 til 30.6.2029/1.1.2028-31.12.2028 .....	5.270.492	5.812.463
1.7.2029 til 30.6.2030/1.1.2029-31.12.2029 .....	2.360.680	-
Síðar .....	7.283.830	7.354.843
	<u>20.007.111</u>	<u>18.962.488</u>

### Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 17.242 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (31.12.2023: 16.081 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok júní 2024 stóðst félagið öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

# Skýringar

## 8. Viðskipti við tengda aðila

### Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitunnar, stjórnarfolk og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2024 1.1.-30.06.	2023 1.1.-30.06.
<b>Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:</b>		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	20.474	18.442
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	9.114	7.201
	<u>29.588</u>	<u>25.643</u>
<b>Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:</b>		
Kaup af Reykjavíkurborg.....	0	763
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	322.362	321.454
	<u>322.362</u>	<u>322.217</u>
Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....	2.249	7.621
Vaxtagjöld vegna skulda við móðurfyrirtæki.....	( 553)	0
	<u>1.696</u>	<u>7.621</u>
	<b>30.06.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>Kröfur á tengd félög</b>		
Krafa á stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	5.804	3.871
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	199.400	0
<b>Skuldir við tengd félög</b>		
Skuld við stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	0	591
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	58.578	107.718
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	2.506	1.640
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	1.851	1.047
	<u>62.936</u>	<u>110.405</u>

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

## 9. Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

# Undirritunarsíða

Stjórnarformaður Ljósleiðarans  
Dagný Hrönn Pétursdóttir

Stjórn Ljósleiðarans  
Áslaug Árnadóttir

Stjórn Ljósleiðarans  
Gunnar Ingvi Þórisson

Stjórn Ljósleiðarans  
Vigdís Eva Líndal

Stjórn Ljósleiðarans  
Gísli Björn Björnsson

Framkvæmdastjóri Ljósleiðarans  
Einar Þórarinsson

Löggiltur endurskoðandi  
Davíð Arnar Einarsson